# Bæjarreikningur með athugasemdum og svörum 1898-1907

Aðfnr. 2541, örk 9

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Meðtek. 27/3 1907
H.D.

Lagt fram 4/4

# Reikningur
yfir
tekjur og gjöld
bæjarsjóðs
# Reykjavíkur
# 1906.

Þessi reikningur hefur legið til sýnis á bæjarþingstofunni frá 1-14. þ. m. –

Bæjarfógetinn í Reykjavík 15. apríl 1907.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tekjur

| | | | Fylgsk. | kr. a. | kr. a. | kr. a. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| I | | Eftirstöðvar frá 1905: | | | | |
| | 1. | Ógreidd byggingargjöld | | | 67 45 | |
| | 2. | " bæjargjöld | | | 2285 83 | |
| | 3. | " erfðafestugjöld | | | 287 81 | |
| | 4. | " sótaragjöld | | | 446 55 | |
| | 5. | Inneign í landsbankanum | | | 1332 15 | |
| | 6. | Í sjóði við áramót | | | 14565 76 | 18985 55 |
| II | 1 | Túngjöld | 1 | | 3062 87 | |
| | 2. | Landskuld af Laugarnesi | | | 75 00 | |
| | 3. | Hagatollar | 2 | | 1360 50 | |
| | 4. | Seglfestugjald | 3 | | 318 10 | |
| | 5. | Árgjald af Rauðará | | | 120 00 | |
| | 6 | " " Lækjarbakka | | | 20 00 | |
| | 7. | Landskuld og leigur af bæjareign | 4 | | 1230 55 | |
| | 8. | Móskurður | 5 | | 14 25 | |
| | 9. | Sótaragjöld | 6 | | 2306 60 | |
| | 10. | Óvissar tekjur | 7 | | 3777 46 | |
| | 11. | Tekjur af lóðasölu | 8 | | 7810 96 | |
| | 12. | Byggingargjöld | 9 | | 2972 73 | |
| | 13 | 20% gjöld af seldum erfðafestul. | 10 | | 5880 12 | |
| | 14 | Tillög lóðaeiganda til holræsa | 11 & 12 | | 1786 60 | |
| | 15 | Hundaskattur | 13 | | 60 00 | 30795 74 |
| III | | Sérstakar tekjur fátækrasjóðs: | | | | |
| | 1 | Fasteignartíund | 14 | 50 65 | | |
| | 2 | Lausafjártíund | 15 | 171 92 | 222 57 | |
| | 3 | Endurgjald frá innsveitum | 16 | | 4948 90 | |
| | 4 | " " utanhreppum | 17 | | 1285 81 | |
| | 5 | Sektir | 18 | | 1162 50 | |
| | 6 | Útistandandi hjá ýmsum hreppum | | | 519 43 | |
| | 7 | Lánað ýmsum hreppum á árinu | | | 1466 21 | 9605 42 |
| IV | | Sérstakar tekjur barnaskólans | | | | |
| | 1 | Ógreidd skólagjöld f.f.á | | | 604 50 | |
| | 2 | Skólagjöld og Thorkilliipeningar | | | 4531 00 | 5135 50 |
| V | | Niðurjöfnuð gjöld: | | | | |
| | | Eftir efnum og ástæðum | 21-23 | | 54651 00 | |
| | | Flutt | | | 54651 00 | 64522 21 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjöld

| | | Fylgiskj. | kr. | a. | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| I | Skattar og gjöld | 1-6 | | | | | 124 | 31 |
| II 1.a. | Laun gjaldkerans | 1 | 1650 | 00 | | | | |
| b. | " verkfræðinga | 1-4 | 2525 | 00 | | | | |
| c. | Skrifstofukostnaður | 1-22 | 802 | 35 | | | | |
| d. | Manntalskostnaður | 1 | 500 | 00 | | | | |
| e. | Laun sótara | 1-2 | 1400 | 00 | | | | |
| f. | Umsjón og varzla | 1-6 | 480 | 00 | 7357 | 35 | | |
| 2.a | Laun næturvarða | 1-6 | 1660 | 00 | | | | |
| b. | " lögregluþjóna | 1-6 | 3170 | 83 | | | | |
| c | Eftirlaun | 1-3 | 580 | 00 | | | | |
| d. | Önnur útgjöld | 1-9 | 203 | 75 | 5614 | 58 | | |
| 3 a | Laun ljósmæðra | 1-3 | 300 | 00 | | | | |
| c | Önnur gjöld | 1-5 | 124 | 26 | 424 | 26 | | |
| 4. | Til vega og lóðakaupa | 1-236 | | | 52123 | 16 | | |
| | Girðing bæjarlandsins | 1-27 | | | 2107 | 26 | | |
| 5. | Til þrifnaðar, renna o.fl. | 1-15 | | | 3228 | 22 | | |
| 6. | " vatnsbóla | 1-13 | | | 624 | 94 | | |
| 7. | " slökkvitóla og slökkviliðs | 1-49 | | | 1860 | 19 | | |
| 8. | " að lýsa götur bæjarins | 1-31 | | | 1854 | 63 | | |
| 9. | Árgjald af Hlíðarh. og Ánanaustum | 1 | | | 204 | 55 | | |
| 10. | Afborgun og vextir | 1-67 | | | 10648 | 29 | | |
| 11. | Til áhalda og aðgerða á þeim | 1-6 | | | 320 | 91 | | |
| 12. | Óvænt og óviss útgjöld | 1-115 | | | 4918 | 24 | | |
| | Til Austurvallar | 1-3 | | | 27 | 40 | | |
| | Numið úr eftirstöðvum | 1-15 | | | 3126 | 45 | 94440 | 43 |
| III 1 a. | Fastir ómagar | 1-129 | 9274 | 54 | | | | |
| b. | Til þurfamanna | 1-227 | 8748 | 60 | | | | |
| d. | Lögflutningar þurfalinga | 1-9 | 124 | 14 | | | | |
| e | Önnur útgjöld þar í fátækralegfi | 1-29 | 894 | 79 | | | | |
| | Laun formanns fátækranefndar | 1 | 600 | 00 | 19642 | 07 | | |
| 2 | Lán til annara hreppa | 1-64 | | | 1466 | 21 | | |
| | Á móti tekjulið III 4 | | | | 1285 | 81 | | |
| | Útistandandi hjá öðrum hreppum | 1 | | | 917 | 44 | 23311 | 53 |
| IV 1 a | Yfirkennari barnaskólans | 1 | 1500 | 00 | | | | |
| b | Aukakennari | 1 | 900 | 00 | | | | |
| | Flutt | | 2400 | 00 | | | 117876 | 27 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tekjur

| | | Fylgisk. | kr. | a. | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt | | | | 54 651 | 00 | 64 522 | 21 |
| V | Lóðargjöld | 24 | | | 10 197 | 88 | 64 848 | 88 |
| VI | Lán úr Landsjóði | | | | | | 32 967 | 86 |
| | | | | | | | 162 338 | 95 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjöld

| | | Fylgsk. | kr. | a. | kr. | a. | kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Flutt | | 2400 | 00 | | | 117876 | 27 |
| IV 1 c | Aukakennsla | 1-12 | 7170 | 15 | | | | |
| d. | Til hjeraðslæknisins | 1 | 25 | 00 | 9595 | 15 | | |
| 2 a | - áhalda barnaskólans | 1-8 | 756 | 45 | | | | |
| b. | - viðhalds barnaskólans | 1-18 | 1288 | 30 | | | | |
| c. | Kirkjugjald og brunabótagjöld | 1-3 | 166 | 82 | | | | |
| d. | Eldividur og Ljósmeti | 1-3 | 818 | 50 | 3030 | 07 | | |
| 3 | Ýmisl. útgjöld, hreinsun o.fl. | 1-17 | | | 1274 | 61 | 13899 | 83 |
| | Til kvennaskólans | 1 | | | | | 100 | 00 |
| | Ógreidd skólagjöld | 1 | | | | | 993 | 00 |
| | Eftirstöðvar 31. des. 1906 | | | | | | | |
| | Ógreidd byggingarleyfisgjöld | | | | 63 | 45 | | |
| | Bæjargjöld frá 1903-1905 | 1 | | | 5758 | 06 | | |
| | Erfðafestugjöld 1905 og 1906 | 1 | | | 1047 | 89 | | |
| | Sótaragjöld 1906 og eldri | 1 | | | 765 | 00 | | |
| | Inneign í Landsbankanum | | | | 6681 | 24 | | |
| | - - Íslandsbanka | | | | 3316 | 64 | | |
| | Í sjóði við árslok | | | | 11837 | 57 | 29469 | 85 |
| | | | | | | | 162338 | 95 |

Reykjavík 31. des. 1906

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur
til
úrskurðar athugasemda við bæjarsjóðsreikninginn 1906.—

1. gr.

2 kr. ber að greiða bæjarsjóði.

2. gr.

Athugast við næsta reikning að 200 kr. greiðist í bæjarsjóð frá Ingimundi Pjeturssyni.—

3. gr.

Til athugunar við endurskoðun næsta reiknings, að eftirstöðvar byggingarleyfisgjalda eru við árslok 1906 Kr. 409.64.

4. gr.

1 kr. ber að innheimta og borga í bæjarsjóð.

5. gr.

700 kr. ber að greiða í bæjarsjóð.

6. gr

60 kr. má endurgjalda

7. gr.

Úrskurður við 8. gr athugasemda 1905 endurtekst þannig að 60 kr. af greiðslum innanbæjarmanna 1907 ber að færa sem greiðslu frá utanbæjarmönnum með því að útistandandi er í raun rjettri hjá utanbæjarmönnum í árslok 1906 ekki 917-44 heldur 857-44.

8. gr.

34 kr. má greiða úr bæjarsjóði.

9. gr.

Bæjargjaldkera ber að leggja saman niðurjöfnunarskrána, sbr. úrskurð við 9. gr athugasemdanna 1905.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr.
10 aura má endurgjalda.
11. gr.
20 aura má endurgjalda.
12. gr.
Bæjargjaldkera ber að leggja saman lóðargjalda-skrána, sbr. úrskurð við 105. gr. athugas. 1905.—
13. gr.
6 aura ber að greiða í bæjarsjóð.
14. gr.
1 eyri má greiða úr bæjarsjóði
15. gr.
Til athugunar.
16. gr.
Upplýst með svarinu.
17. gr.
Til athugunar við reikning 1907.
18. gr.
Til athugunar.
19. gr.
Upplýst með svarinu.
20. gr.
Má við svo búið standa.
21. gr.
10 kr. má greiða úr bæjarsjóði.
22. gr.
5 kr. má greiða úr bæjarsjóði.
23. gr.
Til athugunar við skólagjöld frá Ármanni Jónssyni og Guðjóni Jónssyni frá 1906 – 16 kr. Komi til inntekta í reikningum 1907.
24. gr
Til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. gr.
Til athugunar.

26. gr.
Sömuleiðis.

27. gr.
Sömuleiðis.

28. gr.
Til athugunar fyrir niðurjöfnunarnefnd.

29. gr.
Til athugunar (fyrir veganefnd)

30. gr.
Gefur ekki tilefni til úrskurðar.

31. gr.
Til athugunar. –

Reykjavík 6. febrúar 1908.

Halldór Daníelsson. Kristján Jónsson Halldór Jónsson.
Gunnar Einarsson Hannes Thorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifaður bankastjóri Tryggvi Gunnarsson tek hjer með að mjer, að láta breikka Hafnarbryggjuna hjer í Reykjavík um 9 álnir samkvæmt uppdrætti hr. verkfræðing Jóns Þorlákssonar, og fyrirmælum hans í brjefi 9 marz f. á.. Hæð og lengd verður eins og gamla bryggjan er nú.

Einnig tek jeg að mjer, að láta byggja "Bolverk" milli nefndrar steinbryggju og vöruskúrs hr. Konsúls D. Thomsens, 57 fet að lengd og nál. 6 fet á hæð, samkvæmt uppdrætti, er fylgir hjermeð. —

Ennfremur tek jeg að mjer að steypa eða steinleggja svæðið norðanvið vörugeymsluhús Landsbankans, og plássið milli þess og vöruhús "Edinborgar" og þar fyrir framan að bryggjusporði rúmlega 1800 □ al. —

Steypan á að vera 6 — 7" þuml. þykk. —

| | |
|---|---|
| Fyrir bygging bryggjunnar áskil jeg mjer | 15,000 kr. |
| — — nefnds "Bolverks" — | 2,000 kr. |
| Að Cementsteypa ofannefnt svæði — — — | 4000 kr. |

Upphæð þessi greiðist þannig:

| | |
|---|---|
| við undirskrift þessa samnings — — | 2000 kr |
| 20 maí mán. — — — — — | 10,000 kr. |
| þegar 3/4 verksins er unnið — — — | 5,000 kr. |
| og þegar því er lokið og afhent bænum | 4,000 kr. |
| Samtals | 21,000 kr. |

Að jeg taki að mjer þetta starf er þó því skilyrði bundið:

1. Að öll umferð á bæjarbryggjunni sje hætt 20 maí, og þá megi jeg setja girðingu milli geymsluhúsa Landsbankans og "Edinborgar" með Hafnarstræti.

2 Að jeg megi taka sand og möl eptir þörfum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í fjörunni milli Grandans og lækjarins; og að kljúfa niður steina meðfram sjónum í öllu landi bæjarins, þar sem hafnarnefndin álítur það hættulaust fyrir bæinn. 3. Að leggja niður eftir bryggjunni járnteina fyrir sporveg, ef einstakir menn eða fjelag vilja kosta það. —

Svo framarlega, sem náttúruöfl ekki hindra, ~~vil~~ ~~jeg~~ skal verkinu ~~ef~~ lokið fyrir lok septemb. mán. eða fyrr ef hægt verður. —

Komi fram skemdir á þessu umsamda verki innan tveggja ára eptir að því er lokið, þá skuldbind jeg mig til að gjöra við það á minn kostnað. —

Reykjavík 10 Janúar 1906
Tryggvi Gunnarsson

Hafnarnefnd Reykjavíkur d. u. s.
Halldór Danielsson
Ásgeir Sigurðsson

Við undirskript samningsins meðtekur 2000 - tvö þúsund - Krónur.
Tr. Gunnarsson

21. maí 1906 meðtekur 10000 - tíu þúsund - krónur.
Tr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samningur við Tr. Gunnarsson
um
viðgerð á hafnarbryggjunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt útnefningu bæjarfógetans í Reykjavík höfum við undirritaðir Guðjón Gamalíelsson, múrari og Knud Zimsen, verkfræðingur skoðað hafnarbryggjuna og þau önnur verk, sem herra bankastjóri Tryggvi Gunnarsson hefur látið vinna samkvæmt samningi við hafnarnefnd Reykjavíkur dags. 10. janúar 1906 og framhaldssamningi dags. 7. september 1906 og var hann viðstaddur, er skoðunin fór fram.

Bryggjan hefur verið breikkuð og hækkuð í samræmi við samningana og járnbrautarteinar hafa verið lagðir á hana.

Austurkantur hennar, sem hlaðinn er að nýju, er allur gjörður úr grasteini, að undanteknum fremsta kaflanum, sem að nokkru leyti er gjörður úr steinsteypu.

Að svo miklu leyti, sem við höfum getað rannsakað undirstöðu veggjarins, álítum við að nægilega hafi verið grafið fyrir henni á efri kaflanum, en ~~v~~ höfum ekki getað rannsakað, hvort eins vel er gengið frá fremri kaflanum. Við byggjum samt ekki að veggurinn sje þar byggður á vel föstum grundvelli, þar sem hann seig og rifnaði síðastliðinn vetur. Við þær skemmdir er búið að gjöra.

Um þykkt veggjarins getum við ekki sagt, þar sem ómögulegt er að mæla hana nema að ofanverðu, en þar er hún nægileg. Samkvæmt lýsingunni, er fylgir samningunum átti framhlið veggjarins að hafa halla 1:12, en veggurinn er víða lóðrjettur og slútir jafnvel sumstaðar lítið fram yfir sig.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhlið veggjarins er ekki nægilega vel munnd. Eru margar fúgur talsvert opnar langt inn undir steinana og þarf að fylla þær með flísum og sementi. Fúgurnar eru og yfirleitt of stórar, þarsem hinir einstöku steinar eru ekki nógu vel felldir saman. Sama er að segja um þann part vesturveggjarins, sem hlaðinn er að nýju.

Járnplötur þær, sem hafðar hafa verið utan með steinsteypunni og eru festar við bryggjuna með járnboltum, er ganga inn í steypuna, þarf að taka frá á nokkrum stöðum, svo fylltar verði þær holur, sem eru á bak við plöturnar. Á fremsta kafla bryggjunnar nær neðri partur veggjarins, sem er úr steinsteypu, talsvert lengra út en efri parturinn, sem er úr grásteini og álítum við ekki að taka beri plöturnar burt á þeim kafla, heldur eigi að gjöra ávalan bekk af járninu upp á vegginn, svo ekki verði neinar hvassar brúnir á honum.

Yfirborð bryggjunnar er gjört úr höggnum steinum, sem felldir eru saman, á vestari parti hennar og fullnægir þar kröfum samningsins. Á eystri partinum er yfirborðið lagt óreglulegum steinum og steypt á milli. Þar eru tvær járnbrautir og hafa þær skekkst nokkuð eptir að þær voru lagðar.

Bólverkið milli bryggjunnar og geymsluhúss Thomsens verzlunar álítum við að sje vel gjört og samkvæmt samningi.

Steinsteypugólfið á svæðinu fyrir austan bryggjuna er steypt í ferstrendum stykkjum með c 1 þuml. millibili og álítum við að þessi bil þurfi að hreinsa og fylla, helst með tjörnsteypu eða asfalti. Á nokkrum stöðum er efsta sementslagið skemmt af frosti eða öðrum orsökum og sumstaðar eru brotnir flaskar upp úr steypunni.

Svæðið fyrir ofan bryggjuna milli geymsluhúsanna er lagt óreglulegum steinum og steypt á milli þeirra. Eru sumstaðar talsverðar dældir í þessari steinleggingu, sem vatn safnast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í þegar rignir.

Reykjavík 30. júní 1907.

K Zimsen. Guðjón Gamalíelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14/5

Hér með leyfum vér oss undirritaðir kaupmenn í Reykjavíkur kaupstað, að mótmæla því fastlega, að járnbraut hafnarbyggingarinnar ásamt svæði því, er fyrir ofan byggingarnar liggur með væntanlegum húsum, sé leigt einstökum manni eða félagi.

Reykjavík, 7. maí 1907.

Br. S. Þórarinsson
B. H. Bjarnason
pr. H. P. Duus
Á. S. Olafsson
pr. J. P. T. Brydes verzlun
Ó. Ámundason
Björn Kristjánsson
Hansen & Co
Helgi Zoëga
Kristján Þorgrímsson
Jón Árnason
H. Andersen & Søn
Anna Breiðfjörð
Magnús Benjamínsson
G. Olsen
Björn Símonarson
Magnús Blöndahl
Niels Bjarnason
D. Bernhöft
W. Ó. Breiðfjörð
Helgi Magnússon & Co.
Lárus G. Lúðvígsson
Sigfús Eymundsson
Andrés Bjarnason
Sveinn Jónsson
Jónatan Þorsteinsson
Hjörtur A. Fjeldsted
Jón Bjarnason
Samuel Ólafsson
Jón Helgason
B. Benónýsson
Þorsteinn Egilsson
Sigurður Þorsteinsson
Sig. Björnsson
Jón Jónsson
Sveinn Ingvarsson
Þorleifur Jónsson
Sigurður Guðlaugsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjeneum
Árni Jónsson

G. Helgason

Björn Rósenkranz

Guðm. Sigurðsson [illegible]

Sanit & Jyypesen

Carl Lárusson

O. Johnson & Kaaber

Einar Árnason

pr. Gunnar Þorbjörnsson
Sig. Sveinsson

[illegible] (Athugasemd Bryggjaogáhöld frá [illegible])

(Er með uppsskipun sje lögð Bryggjan og áhöld frá)

Rich. N. Braun

Augusta Svendsen

J. Jul. Schau

Kristín Sigurðardóttir

Ámundi Árnason

S. Sigfússon

Guðm. Stefánsson

Guðm. Egilsson

Gíll Jacobsen

Þorsteinn Tómásson

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift
úr
gjörðabók hafnarnefndarinnar fyrir Reykjavíkurkaupstað

―――――― " ――――――

Ár 1907, hinn 6. maí átti hafnarnefndin fund með sjer. Bæjarstjórnin hefur vísað til hafnarnefndarinnar erindi frá nokkrum kaupmönnum, sem ætla að stofna fjelag til að annast uppskipun, um að fjelagi þessu verði leigð uppskipunartæki (spor og vagna) á hafnarbryggjunni svo og vörugeymsluhús, sem ráðgjört hefur verið að reisa austan við bryggjusporðinn, gegn alt að 1000 kr. leigu um árið. Sæti tóku í nefndinni bæjarfulltrúarnir Björn Kristjánsson og Kristján Jónsson, sem bæjarstjórnin hefur kosið til þess að fjalla um þetta mál í nefndinni í stað tveggja nefndarmanna, sem eru við það riðnir á annan hátt.

Nefndarmenn urðu ekki samdóma um þiða málaleitun. Er Björn Kristjánsson því mótfallinn að beiðninni verði sinnt og að hús verði bygt í bráð á pallinum austan við bryggjuna. Kristján Jónsson er því samþykkur að fyrgreindu fjelagi verði leigð uppskipunartækin fyrst um sinn 3 ár með þeim fyrirvara að meiri hluti kaupmanna bæjarins og sjerstaklega Thorefjelagið

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

taki þátt í fjelagsskapnum. Hann kýs helzt að eigi verði reist hús á steinpallinum, en sett þar upp þak á stólpum ef því verður við komið á tryggilegan hátt; en verði eigi hjá því komist að reisa húsið, lítur hann svo á, að fimm álna rama af pallinum eigi að vera óbygð að sunnan og norðan og er því samþykkur að húsið verði þá leigt fjelaginu. Formaður nefndarinnar vill leigja fjelaginu uppskipunartækin án frekari skilyrða. Að því er snertir hagnýting pallsins (er hann) er hann samþykkur Kristjáni Jónssyni. Kristján Jónsson og formaður taka það fram að þeir telji sjálfsagt að frágangur og útlit hússins þeim megin sem veit að sjónum og bryggjunni verði laglegt og snekklegt.

Björn Kristjánsson ber fram þá tillögu að bærinn kaupi vörugeymsluhús landsbankans austan við bryggjuna.

Nefndarmennirnir Ásg. Sigurðsson og Tr. Gunnarsson voru viðstaddir á fundinum.

Fundi slitið
Halldór Daníelsson Björn Kristjánsson
Kristján Jónsson
Tryggvi Gunnarsson Ásgeir Sigurðsson

\# \# \#

Rjetta útskrift staðfestir
AThjálmsson [?]
ft.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Almennur borgarafundur

fyrir Reykjavík var haldinn í Iðnaðarmannahúsinu þriðjud. 21. maí 1907 kl. 8½ síðd., eftir fundarboði Kristjáns bæjarfulltrúa Þorgrímssonar, til að gefa borgurum bæjarins færi á að láta í ljósi álit sitt um leigu á uppskipunartækjum hafnarbryggjunnar, með lóð við bryggjuna og væntanlegu skýli fyrir vörur, til þarfa kaupmanna.

Fundarboðandi setti fundinn og tilnefndi sem fundarstjóra Sighvat bankastjóra Bjarnason og fundarskrifara Sigurð Jónsson barnakennara.

Því næst reifði fundarboðandi málið og skýrði frá gangi þess í hafnarnefnd og bæjarstjórn. Hefðu tveir hafnarnefndarmennirnir, Tryggvi Gunnarsson bankastjóri og Ásgeir kaupm. Sigurðsson sótt um að fá bryggjuna leigða um fleiri ár gegn 1000 kr. árgjaldi, og hefðu þeir sem hafnarnefndar(~~nefndar~~)menn ásamt formanni nefndarinnar, bæjarfógeta, samþykkt fyrir sitt leyti að veita hið umbeðna. Bæjarstjórnin hefði síðan, sakir aðstöðu þessara beggja umsækjenda bætt í nefndina tveimur bæjarfulltrúunum, þeim Birni Kristjánssyni og Kristjáni Jónssyni. Fyrir mótstöðu kaupmanna í málinu, hefðu svo umsækjendurnir breytt umsókninni í það horf, að mynda uppskipunarfélag og sækja ekki um bryggjuna sjálfa, heldur uppskipunartækin, og hefði hafnarnefndin skipst í málinu þannig að formaður og umsækjendurnir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði lagt til að leigja hið umbeðna; Kristján Jónsson hefði verið á sama máli með vissum skilyrðum, en Björn Kristjánsson algjörlega mótfallinn. Þannig hefði málið komið frá nefndinni fyrir síðasta bæjarstjórnarfund, og hefði þá meiri hluti bæjarstjórnarinnar, þar á meðal umsækjendurnir sjálfir, samþykkt að gera samning um leigu á nefndum uppskipunartækjum. Aftur væri það álit minni hlutans, sem ræðumaður teldist til, að tæki þessi ætti ekki að leigja einstökum mönnum, hvert ofan í mótmæli 58 kaupmanna bæjarins, heldur ætta allir að hafa jafnfrjálsan aðgang að þeim, bæjarstjórnin að taka uppskipunina að sér og fá mann til að standa fyrir henni. Bar hann í lok ræðu sinnar upp þessar tillögur:

„1. Fundurinn skorar á bæjarstjórn Reykjavíkur að taka að sér umsjón með hafnarbryggjunni með uppskipunartækjum, lóð og húsum, og að setja hafnarmann til að hafa eftirlitið á hendi með bryggjunni, húsum og áhöldum.

2. Ennfremur að kaupa fyrir hæfilegt verð pakkhús landsbankans við hafnarbryggjuna eða láta flytja það burtu, og byggja þar þá nýtt pakkhús, til vörugeymslu fyrir almenning."

Þá tók til máls Halldór bæjarfulltrúi Jónsson. Taldi hann málshefjanda eigi hafa skýrt rétt frá málavöxtum. Tilgangur bæjarstjórnarinnar væri að eins að koma uppskipun í betra lag, og vænti hún þess, að félag mundi myndast, sem tæki uppskipunina að sér og bæri ábyrgð á henni, og ætta allir kaupmenn frjálst að ganga í það félag, en hitt væri eigi meiningin að leigja nefnd tæki einstökum mönnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn Kristjánsson bæjarfulltrúi kvað það að eins yfirskin, að bæjarstjórnin hefði lýst því yfir að öllum kaupmönnum væri heimilt að vera með í þessu uppskipunarfélagi, því að það væri auðsætt, að þeir 58 kaupmenn, sem hefðu mótmælt því að tækin væru leigð, færu ekki að ganga í félagið. Hann mótmælti því að uppskipunarfélagið veitti neina tryggingu fyrir því að uppskipunin færi í lagi. Hélt hann því fram, að félagið tæki sjálft upp alla bryggjuna, þegar mikið væri að gera, og gætu þá aðrir eigi komist að henni; væri því sama að leigja tækin, sem að leigja alla bryggjuna.

Tryggvi Gunnarsson bæjarfulltrúi lýsti yfir því, að það væri einungis vilji sinn og löngun til að koma uppskipuninni í betra lag, sem hefði komið sér til að gangast fyrir stofnun uppskipunarfélags; en hitt væri eigi ætlun sín að ganga á rétt nokkurs manns, eða koma á einokun. Kvað hann mótspyrnu kaupmanna stefna að því, að þeir vildu halda uppskipuninni í sama ólaginu, því eigi gætu þeir þvingað bæjarstjórnina til að taka hana að sér.

Eggert Claessen yfirréttarmálflytjandi mælti með því að uppskipunartækin væru leigð félagi, sem kaupmenn mynduðu, og væri því lagðar þær skyldur á herðar að flytja vörur og fólk milli skipa og lands.

Brynjólfur H. Bjarnason kaupm. hélt því fram, að bæjarstjórnin stefndi að því að einoka bryggjuna og mótmælti hann því tiltæki.

Halldór Jónsson sagði, að félagið gæfi tryggingu fyrir betra fyrirkomulagi á uppskipuninni, með því að það bæri ábyrgð á henni.

Magnús Blöndal bæjarfulltrúi var því ekk-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mótfallinn að uppskipunarfélag myndaðist, og full þörf væri að koma uppskipun í betra horf. En hinn mótmælti því, að nokkru félagi eða einstökum mönnum væru veitt einkaréttindi yfir bryggjunni eða tekjum þeim, er henni fylgdu. Það væri mótspyrnu kaupmanna að þakka, að þeir einstöku menn, sem upphaflega hefðu sótt um leyfið, hefðu nú myndað félag, og sótt um tekjurnar einar í stað bryggjunnar sjálfrar áður. En tekjurnar væru rammar óaðskiljanleg frá bryggjunni og kæmi því alt í sama stað niður.

Halldór Jónsson bar fram tillögu svohljóðandi:
„Fundurinn álítur nauðsynlegt, að bæjarstjórn sjái um, að uppskipun á vörum og flutningur fólks fari fram framvegis með meiri reglu en hingað til."

Björn Kristjánsson og Kristján Þorgrímsson tóku enn til máls og bentu á, að tillaga Halldórs Jónssonar snerti alls ekki sjálft mál það, sem nú væri að ræða.

Með því að nú tóku eigi fleiri til máls, var til atkvæða gengið um tillögurnar, og féllu atkvæði þannig:

1. tillaga Kristjáns Þorgrímssonar samþ. með 82:9 atkv.
2. —„— Kristjáns Þorgrímssonar samþ. með 89 samhlj. atkv.

Tillaga Halldórs Jónssonar samþ. með 21 samhlj. atkv.

Fundi slitið.

Sighvatur Bjarnason

Sig. Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vjer undirritaðir höfum ásett oss, ásamt fleyri bæjarbúum, að stofna fjelag til þess að reyna, að færa í lag vöruuppskipun við bæjarbryggjuna. En til þess er nauðsýnlegt að hafa akbraut með vögnum og vöruskúr. —

Vjer viljum því fara þess á leit við hina heiðruðu bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún leigi hinu fyrirhugaða fjelagi akbraut þá, sem þegar er lögð í bryggjuna með sporvögnum, ásamt vöruskúr, sem vjer höfum heyrt að áformað sje að byggja. Fyrir þetta erum vjer fúsir til að greiða árlega leigu allt að 1000 kr. —

Ef bæjarstjórnin vill komast hjá því, að leggja fram fje til byggingar áðurnefnds vöruskúrs, þá ~~er fjel~~ mun hið fyrirhugaða fjelag fúst til að byggja hann fyrir sitt fje, ef leyfi fæst til þess, því stofnun þess er því skilyrði bundin, að skýli sje til; án þess er ómögulegt að koma uppskipuninni í viðunandi horf.

Með mikilli virðingu

Reykjavík 1 maí 1907

Tryggvi Gunnarsson   Th. Thorsteinsson   Jes Zimsen

D. Thomsen   [illegible]   Jón Þórðarson

Ásgeir Sigurðsson   Gunnar Einarsson

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr

gjörðabók hafnarnefndarinnar í Reykjavíkur-kaupstað.

---

Ár 1907, hinn 17. april átti hafnarnefndin fund með sjer. Fyrir nefndinni liggur nemmleg málaleitun frá nokkrum kaupmönnum í Reykjavík um það, hvort þeim geti orðið seld á leigu hafnarbryggjan með vörugeymsluhúsi austan við hana, sem ráð-gjört er að koma upp, til afnota við út- og uppskipun á vörum, og með hverjum kjörum slík leiga yrði fáanleg. Hafnarnefndin er á einu máli um, að eigi verði hjá því komist að koma á öðru og betra skipu-lagi við upp- og útskipun á vörum við bryggjuna en hingað til hefur verið, og að bæjarstjórnin annaðhvort sjálf fyrir hafnarsjóðsins reikning gjöri þær ráð-stafanir, sem með þarf í því efni, eða selji öðrum á leigu afnot bryggjunnar með vörugeymsluhúsi með þeim skilyrðum, sem setja verðar til þess að slík betri tilhögun geti komist á.

Nefndin telur það eigi ráðlegt, að svo stöddu, að bæjarstjórn eða Hafnarnefnd taki að sjer rekstur og afnot bryggjunnar á kostnað hafnarsjóðsins, en álítur heppilegra að reynsla nokkur sé fengin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hið nýja fyrirkomulag áður en tekið er til þeirra ráða, og með því nú að nokkrir málsmetandi kaupmenn bæjarins hafa leitað þess að fá bryggjuna og önnur uppskipunargögn, sem henni fylgja, þykkir nefndinni rjett að sinna þessari málaleitun, ef komist verður að viðunanlegum samningum við beiðendurna. Þó vill nefndin eigi að slíkur samningur taki til lengri tíma en 4. ára fyrst um sinn.
Nefndin telur hæfilega leigu fyrir bryggjuna, vörugeymsluhúsið og önnur uppskipunaráhöld 1000 Kr. á ári og að leigendum hinsvegar sje heimilað að taka bryggjugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi samkvæmt taxta er hafnarnefnd samþykkir, og hafi leigendurnir einir rjett til að nota bryggjuna við slíka upp og útskipun, en þar á móti sje bryggjan frjáls fyrir alla mannflutninga og farangur þeirra.
Leigendunum sje heimilt að taka hæfilegt gjald af fiskiskipum, sem flytja fisk eða vistaforða eftir bryggjunni, þó ekki meira en 3 Kr. af hverjum íslenzkum fiskikútter í hverri fiskiferð.
Ef eigendurnir stofna fjelag til að nota framangreindan rjett, skulu lög þess lögð fyrir hafnarnefndina til samþykkis.

Fleira kom ekki fyrir
Fundi slitið

Halldór Danielsson, Tryggvi Gunnarsson, Ásgeir Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rjetta útskrift staðfestir

H. Kr. Júlíusson
ft.

Gjald 25 –
tuttugu og
fimm aurar –
H. Kr. J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/5

KAUPMANNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Með fundarboði 25 f. m. boðaði stjórn Kaupmannafélagsins til almens kaupmannafundar föstud. 26 síðastl. í Bárubúð uppi.

Á dagskrá var tekið:

1. Málaleytun Tryggva Gunnarssonar o. fl. við bæjarstjórnina um að leigja bæjarbryggjuna.

- - - - -

- - - - -

Samkvæmt uppástungu hins reglulega formans, sem áleit sér mál þetta of skylt til þess sjálfur að stýra fundi, var kaupm. Sv. Sigfússon kjörinn fundarstjóri.

Ben. S. Þórarinnsson innleiddi umræðurnar og rakti sögu bryggjunnar og bar að lokum upp svohljóðandi tillögu:

"Fundurinn krefst þess af hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur, að hafnarbryggjan sé enn sem að undanförnu til alsherjarafnota eftirgjaldslaus með öllu, og að hún sé engum einstökum manni né félagi leigð til einkaréttinda nota"

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykt með 37 atkv. gegn 5 - - - - -

- - - - -

Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Þetta leyfum vér oss að tilkynna hinni háttvirtu bæjarstjórn um leið og vér látum þess getið, að kaupmannafélagið væntir þess, að bæjarstjórnin taki sem fyllst tillit til vilja kaupmanna í þessu efni.

Reykjavík þ. 1 mai 1907

Virðingarfyllst.

S. Sigfússon

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

B. H. Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7/5

Hér með leyfum vér oss að biðja yður, herra bæjarfógeti, að annast um að vér fáum sitt afritið hver af uppkastinu til samnings um raflýsingar- og gasstöð hér í bænum, að minsta kosti 4 dögum fyrir bæjarstjórnarfund þann, sem á að útkljá það mál. Svo er það og ósk vor, að það mál verði ekki rætt fyrir lokuðum dyrum.

Reykjavík 5. mai 1907.
Virðingarfylst

Björn Kristjánsson
Kristján Þorgrímsson
Magnús Blöndahl
Ólafur Ólafsson
Hannes Hafliðason
Magnús Einarsson
Kristján Jónsson

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Heimsendt

# Framhaldsálit
## raflýsingarnefndarinnar.

---

Fyrir raflýsingarnefndinni liggja nú tvö formleg tilboð um stofnun og starfrækslu gasstöðvar og rafmagnsstöðvar fyrir bæinn. Annað tilboðið er frá Thor Jensen, Eggert Claessen og þeirra félögum, þeim, er bæjarstjórninni eru áður kunnir, og köllum vér það nr. 1, en hitt er frá þeim Þorv. Krabbe, Jóni Hermannssyni og Leonh. Tang, og köllum vér það nr. 2. Skal hér gerð grein fyrir þeim atriðum í tilboðum þessum, er mestu varða.

1. Nr. 1 sækir um einkaleyfi til 25 ára.
   Nr. 2 — — — — 30 —
2. Báðir gera ráð fyrir, að bærinn eigi rjett á að eignast stöðvarnar eftir að einkaleyfistíminn er liðinn, fyrir verð, er ákveða skal með mati, þannig, að reiknað sje út, hversu mikið kosta mundi að gera að nýju, þegar afhending fer fram, stöðvar þær, sem fyrir hendi eru, og frá þeirri upphæð dregið verðmæti þeirrar rýrnunar, sem stöðvarnar kynnu að hafa orðið fyrir, sökum elli, í samanburði við nýtt.
3. Nr. 1 veitir bænum þess utan rjett til þess að innleysa stöðvarnar, í fyrsta lagi 5 árum eftir að þær hafa tekið til starfa, gegn endurgjaldi, sem ákveðist eins og að ofan er greint (þ. e. eiginlegt verðmæti stöðvanna) að viðbættum:
   - 20% af verðmætinu eftir 5 og alt að 10 árum eftir að stöðvarnar hafa tekið til starfa.
   - 15% eftir 10 og alt að 15 árum.
   - 10% eftir 15 og alt að 20 árum.
   - 5% eftir 20 og alt að 25 árum eftir að stöðvarnar hafa tekið til starfa.

   Nr. 2 gerir bænum kost á að innleysa stöðvarnar, í fyrsta lagi eftir 15

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ár frá því stöðvarnar tóku til starfa, gegn verði sem ákveða skal með því að margfalda meðal-tekjupphæð tveggja síðustu ára með 20; þar við skal bæta því, sem sannað verður að á síðustu tveim árum hafi verið varið til þess að auka og endurbæta stofnunina; þó getur félagið krafist þess, að afhendingarverðið sje ákveðið með mati á framangreindan hátt, ef það kýs heldur.

4. Báðir áskilja sér að fá lóð hjá bænum til afnota, án endurgjalds fyrir einkaleyfistímann.
5. Nr. 2 áskilur, að vera laus við alla skatta og gjöld til bæjarins. Nr. 1 lætur það óumtalað.
6. Nr. 1 býður bænum 10% af árságóða þeim, er eftir verður, þá er lagt hefir verið í varasjóð og endurnýjunarsjóð (alt að 5%) og hluthafar fengið 5%; nr. 2 býður bænum 1/3 af árságóðanum, eins reiknuðum.
7. Nr. 1 setur þetta hámark fyrir verðinu:

    Gas til suðu, 4,00 kr. fyrir hver 1000 ten.fet.
    Gas til götuljósa (ef heimtað er) 5,00 kr f. hv. 1000 ten.fet.
    Gas til hreyfivéla, hámark í sjálfsvald sett.
    Gas til heimilisljósa, ekki selt.
    Rafmagn til heimilisljósa, 40 au. fyrir hvern kílówatt-tíma (45 au., ef bærinn ekki leggur til lóð undir stöðvarnar).
    Rafmagn til götuljósa:
      a. 35 au. f. K.W.T. fyrir bogalampa.
      b. 40 au. f. K.W.T. fyrir aðra lampa.
    Rafmagn til hreyfivéla, 25 au. f. K.W.T. — þó ekki nema 20 au., ef hreyfivélin er í gangi 200 tíma á mánuði.

    Nr. 2 ákveður verðið þannig:

    *Fyrsta árið:*

    Gas til suðu 4.25 kr. f. hv. 1000 ten.fet.
    Gas til hreyfivéla 4.25 kr. f. hv. 1000 ten.fet.
    Gas til heimilisljósa 4.75 kr. f. hv. 1000 ten.fet.
    Gas til götuljósa 4.75 kr. f. hv. 1000 ten.fet.
    Rafmagn til heimilisljósa 35 aur. f. K.W.T.
    —»— - hreyfivéla 25 — - ——
    —»— - götuljósa 30 — - ——

    *Eftir fyrsta árið* skal verðið miðað við kolaverðið næsta ár áður, þannig að verðið fyrir hver 1000 ten.fet af gasi hækkar eða lækkar um 12 aur. fyrir hvern shilling sem kol stöðvarinnar árið áður hafa kostað meira eða minna en 20 shilling pr. ton. c. i. f. Reykjavík. Eftir sama mælikvarða hækkar eða lækkar verðið á rafmagninu um 1,2 eyrir f. K. W. T.
8. Leigu fyrir mæla setur nr. 1 6 kr. árl. f. rafmagnsmæla og 3 kr. fyrir gasmæla, en nr. 2 8 kr. f. rafmagnsmæla f. alt að 20 lampa eða 1 KW. og 1 kr. að auki fyrir hvert KW. sem á er byrjað þar fram yfir og 3 til 45 kr. fyrir gasmæla eftir stærð (minstu mælarnir duga þeim er eigi þurfa meira en 7 loga).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Nr. 2 áskilur sér rétt til þess að fá einkaleyfið í hendur hlutafélagi, sem heima eigi í Reykjavík, og ráðgerir að veita bæjarmönnum forgangsrétt að hlutum í félaginu jafnhliða leyfishöfunum. Nr. 1 áskilur sér sama rétt.
10. Báðir ráðgera að stöðvarnar geti tekið til starfa fyrir haustið 1908, en hvorugur vill skuldbinda sig til að hafa þær fullgerðar þá. Nr. 2 vill skuldbinda sig til að hafa þær fullgerðar fyrir 31. des. 1909, nr. 1 fyrir 1. okt. 1909.
11. Nr. 2 býðst til að annast götulýsinguna, ef bæjarstjórnin krefst. Vilji bæjarstjórnin hafa rafmagnsljós, kosti hún sjálf lampana og viðhald þeirra. Vilji hún hafa gasljós (með glóðaneti) býðst nr. 2 til að leggja til venjuleg ljósker og halda þeim við og hirða þau gegn 3 kr. þóknun á ári f. hvert ljósker.
12. Báðir áskilja sér í samningsuppköstunum rétt til þess að mega neita um gas eða rafmagn eftir pípum og þráðum sem ekki eru lagðir af þeim sjálfum, eða öðrum sem þeir hafa fullgilt til þess. Nr. 2 hefir tjáð sig fúsan til að leggja þetta fullgildingarvald í hendur nefnd, er skipuð sé t. d. stöðvastjóranum, bæjarverkfræðingnum og einum útnefndum óvilh. manni. Nr. 1 lætur líklega um að hann muni einnig ganga að þessu.
13. Nr. 1 vill skuldbinda sig til þess að hafa spenning rafmagnsins 110 Wolt sem er hæfilegt fyrir hina ný uppfundnu lampa, er eyða að eins helmingi á móts við hina eldri. Nr. 2 tjáist ekki geta skuldbundið sig til þessa að svo stöddu.
14. Báðir virðast fúsir til að skuldbinda sig til að leggja gas- og rafmagnsleiðslur svo langt og svo víða um bæinn, sem með sanngirni verður heimtað.

Nefndin skal nú stuttlega gera grein fyrir áliti sínu um þau atriði, er hér hafa verið nefnd.

1. Einkaleyfistímann virðist oss sanngjarnt að setja 25 ár, en viljum eigi hafa hann lengri. Oss þykir ólíklegt að neinir mundu fást til þess að ganga að styttri einkaleyfistíma, með því að vér hyggjum að erfitt yrði að fá fé til hagnýtingar einkaleyfis, er bundið væri við styttri tíma.
2. Endurkaupskjörin eftir útrunninn einkaleyfistíma virðast oss sanngjörn.
3. Oss virðist mjög æskilegt að bærinn eigi rétt á að innleysa stöðvarnar eftir 5 ár, eða að minsta kosti eftir 10 ár. Kjör þau er nr. 1 setur um þetta, virðast oss í alla staði sanngjörn; aftur á móti virðist oss grundvöllur sá, sem nr. 2 vill byggja á í þessu efni, óhagkvæmur fyrir bæinn. Setjum t. d. að stöðvarnar gæfu af sér 6% — þar með talið það sem lagt er í varasjóð, yfir höfuð alt »Driftsoverskud« — sem ekki virðist hátt áætlað; þá yrði bærinn að borga fyrir stöðvarnar 120% — eða 20% meira en stöðvarnar hafa kostað *nýjar*; þar að auki yrði hann að borga fyrir endurbætur þær, sem gerðar kynnu að hafa verið tvö síðustu árin; þetta virðist oss óaðgengilegt, auk þess sem þessir einkaleyfisbeiðendur yfir höfuð ekki vilja gefa bænum kauprétt fyrri en eftir 15 ár.
4. Vér álítum það í alla staði æskilegt að stöðvarnar gætu verið á melunum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir sunnann kirkjugarðinn, og virðist oss bærinn geta látið lóð þar leigulaust í 25 ár, ef kjör þau, sem boðin eru, eru hagkvæm að öðru leyti.

5. og 6. Bænum er áskilinn nokkur hluti af ágóðanum hjá báðum, ef fyrirtækið verður arðsamt, en vér gerum oss eigi miklar vonir um tekjur handa bænum af stöðvunum, hvorki eftir uppástungum nr. 1 eða nr. 2; rétt þætti oss að einkaleyfishafar væru a. m. k. eigi undanþegnir beinum föstum sköttum til bæjarins, þeim sem nú eru eða settir kunna að verða.

7. Oss þykir heppilegra að hafa hámark verðsins á gasi og rafmagni fast ákveðið fyrir allan einkaleyfistímann, en nr. 2 (Krabbe) hefir tjáð oss, að hann geti ekki fast ákveðið hámarkið, nema með því móti að setja svo háar tölur, að óaðgengilegt mundi þykja. Til samanburðar á verðinu þykir nefndinni ekki fært að leggja til grundvallar lægra kolaverð en 21 sh. pr. ton c. i. f. Reykjavík (gaskol eru nokkuð dýrari en þau kol, sem venjulega eru brúkuð hér); eftir því kolaverði yrði verðið á gasi og rafmagni hjá nr. 2:

Gas til suðu og hreyfivéla 4.73 pr. 1000 ten.fet.
— - ljósa 5.23 pr. 1000 ten.fet.
Rafmagn til heimilisljósa 39.8 au. pr. K.W.T.
—— - hreyfivéla 29.8 au. pr. K.W.T.
—— - götuljósa 34.8 — — ——

Gasið yrði eftir þessu þó nokkuð dýrara en hjá n. 1, en rafmagnið til heimilisljósa nálega jafndýrt. Vér teljum verðákvæðið yfirleitt aðgengilegra hjá nr. 1, sérstaklega með tilliti til þess sem nefnt er undir 13. lið.

8. Oss virðist leigan fyrir mæla vera sanngjörn hjá nr. 1 — sama og tíðkast í Danmörku.

9. Báðir einkaleyfisbeiðendur munu hugsa sér að stofna hlutafélag til þess að hafa saman féð; vér leggjum áherzlu á það, að slíkt hlutafélag sé búsett í Reykjavík og að trygging sé sett fyrir því að stöðvarnar séu teknar til starfa innan tiltekins tíma, og að einkaleyfisbeiðendur séu sjálfir hluttakendur, því að á miklu ríður að þeir, sem ráða gerð stöðvanna, séu vel að sér og hafi fjárráð næg; treystum vér báðum einkaleyfisbeiðendum þeim, er hér ræðir um, hið bezta í þeim efnum og má gera ráð fyrir að þeir ráði mestu um gerð stöðvanna, þótt þeir selji einkaleyfið í hendur hlutafélagi, sem á lögheimili hér og þeir eru sjálfir hluthafar í.

12. Nefndinni virðist sem bæjarstjórnin verði að leggja áherzlu á að pípur og leiðslur frá aðalleiðslunum og að húsunum og um þau séu vandaðar að efni og frágangi, og gæta þess þó jafnframt að einkaleyfishafar verði ekki einir um uppsetning þessara tækja, þannig að þeir geti sett mönnum verð á þeim eptir vild. Hefur nefndin því stungið upp á framangreindu fyrirkomulagi við einkaleyfisbeiðendur.

13. Nefndin leggur áherzlu á að spenningur rafmagnsstöðvarinnar verði eigi meiri en svo að nota megi hina nýuppfundnu lampa, sem eyða ekki nema 1.1 til 1.2 au. um klukkutímann í ljósmeti (miðað við 16 kertaljósa lampa). Hinsvegar hefur þetta þann anmarka í för með sér, að stöðin mun ekki geta sent rafmagn frá sér lengra burt en rúml. 1½ kilómeter,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Nefndin vill skylda einkaleyfishafa til þess að leggja gaspípur og rafleiðslur um bæinn svo langt, sem albyggt má kalla á hverjum tima.

Vjer höfum álitið rjett að leggja þessar upplýsingar fyrir bæjarstjórnina nú þegar, svo að hún geti kynnt sjer málið og vjer heyrt undirtektir hennar áður en vjer gjörum frekara að.

Vjer auglýstum í vetur í Danmörku, Noregi og á Englandi, að bærinn væri fús til að veita einkaleyfi slíkt sem hjer ræðir um, og skyldu lysthafendur hafa gefið sig fram fyrir lok marzmánaðar síðastl.. Nú höfum vjer að vísu skrifast á við einn eða tvo aðra, (einn danskan, annan enskan) sem hafa látið líklega, en þó höfum vjer eigi til þessa getað fengið nein ákveðin tilboð frá þeim; virðast oss þau tilboð sem fyrir liggja, vera svo álitleg, að eigi sje von til að önnur komi betri, enda fresturinn útrunninn. Vjer óskum því að heyra álit bæjarstjórnarinnar um það, hvort hún telji grundvallaratriði tilboða þeirra, er hjer hefur verið lýst, aðgengileg, og munum vjer, ef bæjarstjórninni sýnist svo, leggja fyrir næsta fund fullkomið frumvarp til samnings milli bæjarstjórnarinnar og þess einkaleyfisbeiðandans, er bæjarstjórninni gezt betur að.

27. april 1907.

*Jón Þorláksson.* *Ásgeir Sigurðsson,* *Halldór Jónsson.*





© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Láta mig fá upp-
skrifaðar upphæðirnar,
sem Tr. Gunnarsson
hefur fengið borgaða
til hafnarbryggjunnar
1906 og 1907

pr
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| 14/2 06 | 2800 00 |
| 7/11 | 910 45 |
| 21/5 | 10000 — |
| 7/9 | 8000 — |
| 9/11 | 2500 — |
| 18/12 | 1000 — |
| | 2000 — |
| 19/8 07 | 1059 85 |
| 24/10 06 | |
| 27/10 | 1500 — |
| 15/11 | 13204 |

Jóhann Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Meddelelse

Fra T. Gunnarsson
Havnegade 19.
Kjöbenhavn, K. den

Til Herr ........................

Meðtekið til bæjarbryggju

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1906 | 27/1 | — kr. | 2000,00 |
| | " | — — | 10,000,00 |
| | 9/9 | — — | 8,000,00 |
| | 20/10 | fyrir Kloakk | 1,500 " |
| | " | " bryggjuhlið | 1500 " |
| | 10/11 | — hækkun | 2500 " |
| | | | 25,500,00 |
| 1907 | 30/3 | skemdbryggju | 480 00 |
| | | | 25980,00 |

Járnbraut á bryggju m.m.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1906 | " | — — — | 910,45 |
| | 23/11 | — — | 1059,85 |
| | " | — — — | 675,66 |
| 1907 | 26/3 | — — — | 392,11 |
| | " | — — — | 86,53 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðskipti undirskrifaðs við Hafnarsjóð
Rkv.

| 1906 | | | | Kr. | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 158 al járnbraut á bryggju | 887,55 | | |
| | | Assur. og Próv. 22,90 ~~telegram Th. T. 15~~ | 22,90 | × 910 | 45 |
| | 23/11 | 184 al. járnbraut m. m. | " | × 1059 | 85 |
| NB. | 26/11 | 2 Skiftiskífur sporv. o. fl. — | " | 675 | 66 |
| | | | | 2645 | 96 |
| 1907 | 26/3 | 1 Skiftiskífa o. fl. — — | | 392 | 11 |
| | | Telegram frá Th. Tull. — — | 15,57 | | |
| | | do til do — — — | 8,50 | | |
| | | Próv. til banka af ávísan | 1,82 | | |
| | | do 1,70 × 1,50 × 18 — — | 3,38 | | |
| | | Bakkar frá Bjarkjeðin | 57,26 | 86 | 53 |
| | | | | 3124 | 60 |

109.22 Thore
44.18 —
82.94 Sam.
49.10 —

Rkv. 20–4–1907
Fr. Gunnarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

|  |  |  |
|---|---|---|
|  |  | 21000.00 vatn & bolv. ete |
| 735 tenaf. à 3 kr | = | 2205.00 kostn. á vatn |
|  |  | 1843.25 } gl. bryggj. |
|  |  | 1500.00 } gl. bryggj. |
|  |  | 885.00 } gl. bryggj. |
|  |  | 27433.25 |
|  |  | 1500.00 Kloak |
|  |  | 480.00 [illegible] |
|  |  | 29413.25 |
|  |  | 25980.00 |
|  |  | 3433.25 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Nýja bryggja, hækkun | 758 al – 3,65 – | 2766,70 |
| Gaml. do do | 505 al 3,00 – | 1515,00 |
| viðgjörð gl. bryggju | 100 kub. al 15,00 | 1500,00 |
| að taka upp og byggja dekk | 700 al 1,25 | 875,00 |
| | | 6656 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[T]ryggva Gunnarssonar

Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit

Jeg undirskrifaður bankastjóri Tryggvi Gunnarsson tek hjer með að mjer, að láta breikka Hafnarbryggjuna hjer í Reykjavík um 9 álnir samkvæmt uppdrætti hr. verkfræðings Jóns Þorlákssonar, og fyrirmælum hans í brjefi 9. marz þ. á. Hæð og lengd verður eins og gamla bryggjan er nú.

Einnig tek jeg að mjer, að láta byggja „Bolverk" milli nefndrar steinbryggju og vöruskúrs hr. Konsúls D. Thomsen, 57 fet að lengd og nál. 6 fet á hæð, samkvæmt uppdrætti, er fylgir hjermeð.

Ennfremur tek jeg að mjer að steypa eða steinleggja svæðið umhverfis vörugeymsluhús Landsbankans, og plássið milli þess og vöruhús „Edinborgar" og þar fyrir framan að bryggjusporði rúmlega 1800 □ al. Steypan á að vera 6—7 þuml. þykk.

Fyrir byggingu bryggjunnar áskil jeg mjer 15,000 Kr.
— — nefnds „Bolverks" — 2,000 kr.
Að cementsteypa ofannefnt svæði — — 4000 Kr.

Upphæð þessi greiðist þannig:

Við undirskrift þessa samnings — 2000 kr
20 maímán. — — — — 10,000 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar 3/4 verksins er unnið — — — 5.000 kr.
og þegar því er lokið og afhent bænum — 4.000 kr.
Samtals 21.000 kr.

Að jeg taki að mjer þetta starf er þó því skilyrði bundið:
1. Að aldrei umferð á bæjarbryggjunni sje hætt 20. maí og þá megi jeg setja girðingu milli geymsluhúsa Landsbankans og „Edinborgar“ með Hafnarstræti.
2. Að jeg megi taka sand og möl eptir þörfum í fjörunni milli Grandans og lækjarins, og að kljúfa megi steina meðfram sjónum í öllu landi bæjarins, þar sem hafnarnefndin álítur það hættulaust fyrir bæinn.
3. Að leggja megi eptir bryggjunni járnteina fyrir sporveg, ef einstakir menn eða fjelag vilja kosta það.

Svo framarlega, sem náttúruöfl ekki hindra, vil jeg að verkinu sje lokið fyrir lok septemb. mán. eða fyr, ef hægt verður.

Komi fram skemdir á þessu umsamda verki innan tveggja ára eptir að því er lokið, þá skuldbind jeg mig til að gjöra við það á minn kostnað.

Reykjavík 10. Januar 1906.
Tryggvi Gunnarsson.

Rjett eptirrit staðfestir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þó mjer sje mjög nauðsynlegt að rífa
ofanaf gömlu bæjarbryggjunni og
part af vestur vegg hennar, að svo áliðnu
sumri, til þess að bæta skemdir á henni og
hækka hana, þá vil jeg þó gefa kost
á að gjöra þetta, af bæjarstjórninni
er mjög ant um að það sje gjört í
haust. –

Okkur Ingeniör K. Zimsen og mjer hefur
komið saman um, að það sem nauð-
synlegt er að rífa niður og hlaða
upp aptur af vesturhlið gl. brygg-
unnar sje 100 □ al. –

Hækkun gl. bryggjunnar, til þess hún
verði jöfn há hinum nýja parti
reiknast að verði 505 Cub. al. –

Skilyrðin fyrir því að jeg velji
taka að mjer þetta verk, eru þessi:

1., Að mjer sje borgað fyrir viðgjörð
gömlu bryggjunnar – – – 1500 kr

2., Að jeg fái hlutfallslega fyrir hækkun
gl bryggjunnar, sömu borgun pr. Cub.
alin um og samið var við mig
fyrir hækkun á hinum nýja bryggju
parti, að undanskildu dekki, sem er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 kr fyrir Cub. al eða alls — 1515 kr

3., Að mjer sje borgað fyrir að rífa upp "dekkið" á gl. bryggjunni, og leggja það aptur á 708 □ al. á 1,25 a — 885 kr

4., Að bæjarsjóður borgi mjer að fullu verkstjórn það og Cementseyðslu, sem brim og hvassviðri gjöra á gamla ~~og~~ ~~nýja~~ hluta bryggjunnar eptir 2 óvilhallra manna mati ~~[illegible] þeim reikningi [illegible] uppdrætti, sem jeg~~ er formaður, bæjar ~~[illegible] verkstjórar [illegible]~~ stjórnar og jeg komum okkur saman um ~~[illegible] [illegible] [illegible]~~: —

5 Að tími sá sem samið var um, að bryggjubyggingunni skyldi lokið, sje lengdur til Oktob. m loka að minnsta kosti: —

Tr. G.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Eptirrit*

# II.

## Bæjarbyggjan

### Þvermál hliðveggsins

Hæð 4½ fet




Hæð 6 fet




Hæð 7½ fet




Hæð 9 fet




Hæð 10½ fet




Dýpt undirstöðunnar hvergi minni en 18 þml.

1:24




8/3 - 05

Rjett eptirrit staðfestir.

Halldór Daníelsson

Tryggvi Gunnarsson

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Athugasemdir
við
reikning bæjarsjóðs Reykjavíkur kaupstaðar
1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 1. gr.

Þettað er rjett athugað, og er ritvilla í skyrslunni fskj: 8., Kr. 785.50 fyrir 787.50, sem var greitt í bæjarsjóð

Um 2. gr.

Í fskj: 8. stendur, að greiðslan frá Ingimundi sje afborgun; eptirstöðvarnar Kr. 200. oo greiddi hann eptir samningi ekki fyr en 1907. og kemur þar þá til reiknings.

Um 3. gr.

Til athugunar við endurskoðun reikningsins 1907

Um 4. gr.

Athugasemdin er rjett.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. gr.

Seldar lóðir. — Á Hgskj. № 8 virðist vantaldar 2 kr. hjá Böðvari Jónssyni, Rauðarárstíg.

2. gr.

Gjald Ingimars undir Pjeturssonar er vantalið um 200 kr..

3. gr.

Byggingarleyfisgjöld. —

Í reikningnum eru í ársbyrjun taldar með eftirstöðvum 67 kr. - 45 aur.
og sem innborgað á árinu 2972 - 73 -
3040 kr. - 18 aur.

en í enda ársins eru talin ógreidd byggingarleyfisgjöld 63 kr. - 45 aur.

Okkur virðist hefði átt að tilfæra gjöldin þannig:

| | |
|---|---|
| 1° Eftirstöðvar frá 1904 og 1905 | 67 kr. - 45 aur. |
| 2° Gjöld 1906 | 3314 - 92 - |
| | 3382 kr. - 37 aur. |

Eftir skýrslu Zimsens:

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt fyrir 1906 | 352 kr. - 19 aur. | |
| frá fyrri árum | 57 - 45 - | 409 kr. - 64 aur. |

4. gr.

20% gjaldið. —

Margrjet Egilsdóttir er talin að hafa borgað af kaupverði
625 kr. - 25 aur. 124 kr. - 05 aur.
en virðist eiga að vera 125 kr. - 05 aur.
því vantalin 1 kr. - -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 5. gr.

Í skýrslunni, fskj. 10, er ritvilla 135.20 fyrir 835.20. Þessi síðari upphæð var greidd bæjargjaldkeranum með bréfi 24. júlí 1906.

Um 6. gr.

Athugasemdin er rjett.

7 gr.

Samkvæmt athugasemdinni endurskoðenda við reikninginn fyrir árið 1905 var útistandandi 31/12 1905 — 677.04

Lánað 1906 — 1466.21

2143.25

Innborgað 1906 — 1285.81

og ætti því að vera útistandandi 31/12 '06 — 857.44

en gjaldkeri telur — 917.44

Hvar þessi mismunur 60 kr. er, virðist eigi gott að segja þar sem útlekta, innborgana og skuldir standa heima; líkur til fyrir að eitthvað hafi verið greitt inn á innborganir innanbæjarmanna í stað utanbæjarmanna. Af vangá hefur í reikninginn 1906 verið eptirstöðvar 31/12 '05 hjá öðrum hreppum sagðar 519 kr. 43 í stað 677,04

8 gr.

Athugasemdin virðist vera rétt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. gr.

√ J. Jonassen, Útsuðurvelli, er talinn að hafa borgað af kaupverði 4176 kr. | 135 kr. 20 aur.
en virðist eiga að borga | 835 - 20 -
Því vantaldar. | 700 kr. - -

6. gr.

√ Uppitalning skýrslunnar er | 5880 kr. 12 aur.
en virðist eiga að vera | 5820 kr. 12 aur.
Virðast oftaldar | 60 kr.

7. gr.

√ Útistandandi hjá öðrum hreppum 31/12 05 er talið | 519 kr. 43 aur.
hafað 1906 | 1466 - 21 -
| 1985 kr. 64 aur.
Endurborgað á árinu | 1285 - 81 -
Útistandandi ætti því að vera 31/12 1906 | 699 kr. 83 aur.
en í reikningnum er talið útistandandi 31/12 1906 | 917 - 44 -
| 217 kr. 61 e.

Við sjáum ekki, hvernig þessi mismunur getur verið rjettur hjá gjaldkera.

8. gr.

√ Skólagjöld með tillagi úr Thorchilliisjóði eru talin | 4531 kr.
en oklur telst til, að þau eigi að vera | 4497 kr.

9. gr.

√ Eftir úrskurði við 6. gr. aths. 1904 og úrskurði við 9. gr. aths. 1905 ber (að) niðurjöfnunarnefndinni að telja niðurjöfnunarskrána saman síðu fyrir síðu. En hvorugum þessara úrskurða hefir verið fylgt, og þaum við ekki skilið hversvegna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 10. gr.
Aths. er rjett.

Um 11. gr.
Sömuleiðis

12 gr.

Lóðargjaldaskráin er samin á bæjarfógetaskrifstofunni og var alltaf talin upp þar, enda virðast endurskoðendur vera gjaldkera samála um að hún eigi að teljast þar upp sbr. 9 athgr. þeirra hér að framan

13 gr.

Athugasemdin er rétt

14 gr.

Athugasemdin er rétt

15 gr.

Gjaldkeri hefir ekkert á móti því að reikningarnir séu færðir á þann hátt að það sjáist hve mikla sé varið til lóðarkaupa og hve mikla til einstakra gatna, enda virðist það vera í samræmi við fjárhagsáætlun bæjarins, en vill hinsvegar benda á, að ómögulegt er að færa reikninginn svo nú, eins og þeir koma afgreiddir, nægir þar að benda á t. d. fylgiskjöl numer 222–229 við II 4.

16 gr.

Numerið er misskrifað II 4-205 í stað II 4 – 235.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. gr.

Lóðargjaldaskráin. —

Grettisgötu. Bjarni Jónsson er talinn með 919 □ áln. ób. lóð, og gjaldið er útfært með 2 kr. 40 aur., í stað 2 kr. 30 aur.

11. gr.

Vitastíg. Gjald Þorvaldar Bjarnasonar af 878 □ áln. ób. virðist oftalið um 20 aur.

12. gr.

Gegn úrskurði við 105. gr. athg. 1905 ber gjaldkera að leggja saman lóðargjaldaskrána síðu fyrir síðu. En úrskurðinum hefir ekki verið fylgt.

13. gr.

II. 4. — Fylgiskjöl 27–37. Virðast oftaldir 6 aur. í samlagningu.

14. gr.

Á fylgiskj. 109 eru ávísaðar 99 kr. 45 aur., en taldar til reikningi með 99 kr. 44 aur. Gjaldkera virðist því vera 1 eyr.

15. gr.

Til vega og lóðakaupa hefir á árinu verið varið 52.123 kr. 16 aur. Það virðist vera nokkuð mikið fje, að verja til vega og lóðakaupa á einu ári. Sjerstaklega viljum við með skírskotun til athugasemda okkar við fyrri reikninga vara við að verja of miklu fje til lóðakaupa og skulum benda á, að heppilegra virðist vera, að af reikningunum sjáist, hve miklu hefir varið til ákveðinna gatna og hve miklu til lóðakaupa. En það skiptir minna til hverra verkstjóra hafi verið borgað eða hverjir eru lóðarseljendur.

16. gr.

II. 5 — Við komum ekki auga á reikning „Völundar“ 9 kr. 18 a., sem í gjörreikningnum er tilfærður undir II 4 fylgiskj. 205.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 17. gr.
Til athugana við reikn. 1907.

18 gr.

Þetta mun verða gert

19 gr.

Er á fylgiskj. II 4 minnur 235

20 gr.

Athugasemdin er rétt

21 gr.

Athugasemdin er rétt

22 gr.

Athugasemdin er rétt

23 gr.

Þessi gjöld koma inn eftir að reikningurinn var saminn og teljast með útgjöldum 1907.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. gr.

√ II. 7. — Til athugunar við væntanlegan áhaldalista fyrir skólaáhöld fyrir 1907, að keyptar hafa verið 1906 300 nýjar fötur.

18. gr.

√ II. 10 — Eftir úrskurði við 118. gr. aths. 1905 ber að ónýta vaxtamiða af Laugarnesskuldabrjefunum. En þar sem við sáum að láðst hefði að gjöra það, höfum við leyft okkur, að fullnægja úrskurðinum sjálfir. En væntum að þurfa ekki að gjöra það næsta ár.

19. gr.

√ II. 11 — Við getum ekki áttað okkur á, hvar fylgiskj. á fjárreikningnum er fyrir 10 kr. 32 aur. (Völundur.)

20. gr.

√ II. 12. Á fjárreikningnum er kostnaður við ritunarsamæti talinn 172 kr. 50 aur.; en eigi ávísað meira en 172 kr.

21. gr.

√ III. 1. 6. Sigurður Frímann er í fjárreikningnum útfærður með 20 kr., en virðist eiga að vera 10 kr. + 20 kr. = 30 kr.
Eftir því vantaldar 10 kr. Þessar 10 kr. eru hjá Duus.

22. gr.

√ Þórður Þorkelsson er útfærður með 65 kr. En við efumst um að það sje rjett. Okkur virðist það eftir fylgiskj. 178-180 eiga að vera 5 kr. + 22 kr. 50 a. + 37 kr. 50 aur. + 15 kr. (hjá Duus) = 70 kr. Því virðast vantaldar 5 kr.

23. gr.

√ Ógreidd skólagjöld. Ármann Jónsson og Guðjón Jónsson eru taldir hvor um sig með ógreitt gjald, 8 kr., samtals 16 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24 – 27 gr.

Endurskoðendum má vera það fyllilega kunnugt að borgun bæargjalda er dregin svo lengi sem unt er, en þessum „velsettu og efnuðu borgarar" bæarins" ætti að gæta skyldu sinnar og borga á réttum tíma. Gjaldkeri hefir heldur eigi efni eða tækifæri til að heimta á stuttum tíma með harðri hendi gjöld hjá mörg hundruð „velsettra" borgara er gleyma gjalddaga.

Gjalddagi á sumum gjöldunum er líka mjög óheppilegur t. d. á sótaragjöldum 1 Desember og túngjöldum 31 Desember og gjaldkeri hefir því eigi tíma til að heimta þau öll inn fyrir nýár

Um 28.

Til athugunar

Um 29. gr.

Til athugunar veganefnd.

Um 30. gr.

Til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En við nöfn þeirra er skrifað orðið „Borgað". En við sjáum ekki að upphæðin 16 kr. sje dregin frá aðalupphæðinni.

24. gr.

Ýmsir velþekktir og efnaðir borgarar eiga ógreidd þessi gjöld. Við skjótum því til gjaldkera, hvort eigi sje hægt að ná inn gjaldinu í tíma.

25. gr.

Sama er að segja um ógoldin sótaragjöld.

26. gr.

Sama um ógreidd bæjargjöld.

27. gr.

Sama er að segja um ógreidd túngjöld..

28. gr.

Með skírskotun til 10. gr. aths. 1905 um niðurjöfnunina, sem gjaldkeri hefir svarað, en sem við sjáum ekki, hvort rjettir hlutaðeigendur, niðurjöfnunarnefndin, hefir sjeð, skulum við leyfa oss enn á ný að skjóta til nefndarinnar, að finna einhver ráð til að bæta úr ójöfnuði þeim, sem stafar af hinum úreltu lögum. Með þeirri aðferð, sem er höfð, geta engir, þótt allir sjeu af vilja gjörðir, jafnað niður rjettlátlega. Niðurjöfnunin hlýtur nú að verða meira eða minna í blindni, sem má vera óskemtilegt fyrir nefndarmennina sjálfa og órjettlátt gagnvart gjaldendum.

29. gr.

Með skírskotun til 109. og 110. gr. aths. 1905 viljum við á ný skjóta til hlutaðeigenda, að bjóða upp til undirboðs vegagjörðir og ýmislegt annað.

30. gr.

Í tilefni af svörum við ýmsar greinar athugasemda frá fyrri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31 gr.

Gjaldkera hefir aldrei verið skýrt frá hverjir eru eign bæjarsjóðs – og er því ókunnugt um það – og þess vegna hefir hann eigi séð sér fært að gefa reikninga þessa

Reykjavík 27/1 1908.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

árum viljum við skjóta því til hlutaðeigenda, hvort þeim ekki lýst, að losa bæjargjaldkerann við að svara þeim athugasemdum, sem snerta eingöngu aðra.

31. gr.

Við viljum minna á aths. okkar 1904. 124. gr. og 1905 138 gr. um sjerstakan kassareikning og jafnaðarreikning.

---

Eins og við höfum tvisvar með bréfum gjört hinni háttvirtu bæjarstjórn aðvart um, að við hefðum nú eigi lengur nægilegt tóm frá atvinnurekstri okkar til þess að skila af okkur reikningunum endurskoðuðum á þeim tíma sem tilskilið er, nje heldur til þess að gjöra það svo rækilega, sem við óskum og þyrfti að vera, þá viljum við taka hið sama hjer fram, að því viðbættu, að við sjáum okkur ekki fært, að halda reikningunum lengur, og að við því, þarsem framannefndar ástæður okkar eigi hafa verið teknar til greina með því að losa okkur við starfann, getum ekki tekið á okkur neina ábyrgð á því, sem kann að hafa yfirsjest vegna tímaskorts til nákvæmustu yfirskoðunar.

Reykjavík, 30. desember 1907.

Gunnar Einarsson Hannes Thorsteinsson

Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Úrskurður
## á athugasemdum við bæjarsjóðs-reikninginn 1906.

---

1. gr.

2 kr. ber að greiða bæjarsjóði.

2. gr.

Athugast við næsta reikning að 200 kr. greiðist í bæjarsjóð frá Ingimundi Pjeturssyni.

3. gr.

Til athugunar við endurskoðun næsta reiknings, að eptirstöðvar byggingarleyfisgjalda eru við árslok 1906 Kr. 409.64.

4. gr.

1 kr. ber að innheimta og borga í bæjarsjóð.

5. gr.

700 kr. ber að greiða í bæjarsjóð.

6. gr.

60 kr. má endurgjalda.

7. gr.

Úrskurður við 7. gr. athugasemda 1905 endurtekst þannig, að 60 kr. af greiðslum innanbæjarmanna 1907 ber að færa sem greiðslu frá utanbæjarmönnum með því að útistandandi er í raun rjettri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjá utanbæjarmönnum í árslok 1906
<u>ekki</u> 917,44, heldur 857.44.

8. gr.

34 kr. má greiða úr bæjarsjóði.

9. gr.

Bæjargjaldkera ber að leggja saman niðurjöfnunarskrána, sbr. úrskurð við 9. gr. athugasemdanna 1905.

10. gr.

10 aura má endurgjalda.

11. gr.

20 aura má endurgjalda.

12. gr.

Bæjargjaldkera ber að leggja saman lóðargjaldaskrána, sbr. úrskurð við 105. gr. athugasemda 1905.

13. gr.

6 aura ber að greiða í bæjarsjóð.

14. gr.

1 eyri má greiða úr bæjarsjóði.

15. gr.

Til athugunar.

16. gr.

Upplýst með svarinu.

17. gr.

Til athugunar við reikning 1907

18. g.

Til athugunar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. gr.

Upplýst með svarinu.

20. gr.

Má við svo búið standa.

21. gr.

√ 10 kr. má greiða úr bæjarsjóði.

22. gr.

√ 5 kr. má greiða úr bæjarsjóði.

23. gr.

√ Til athugunar við skólagjöld frá Ármanni Jónssyni og Guðjóni Jónssyni frá 1906 – 16 kr. komi til inntekta í reikningnum 1907.

24. gr.

Til athugunar.

25. gr.

Til athugunar.

26. gr.

Til athugunar.

27. gr.

Til athugunar.

28. gr.

Til athugunar fyrir niðurjöfnunarnefnd.

29. gr.

Til athugunar (fyrir veganefnd).

30. gr.

Gefur ekki tilefni til úrskurðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31. gr.

# Til athugunar.

Þannig úrskurðað af bæjarstjórninni á fundi hennar 6. febrúar 1908.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 7. febrúar 1908.

Halldór Daníelsson.

| Innheimt | Kr | a. | Útlátið | Kr | a. |
|---|---|---|---|---|---|
| Eftir 1. gr. | 2 | oo | Eftir 6. gr. | 60 | oo |
| " 4. gr. | 1 | oo | " 8. gr. | 34 | oo |
| " 5. gr. | 700 | oo | " 10. gr. | 0 | 10 |
| " 13. gr. | 0 | 06 | " 11. gr. | 0 | 20 |
| " 23. gr. | 16 | " | " 14. gr. | 0 | 01 |
| | | | " 21. gr. | 10 | oo |
| | | | " 22. gr. | 5 | oo |
| | 719 | 06 | | 109 | 31 |

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur